



## Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 28. nóvember 2022

Mál nr. 2020021548

### **Efni: Stýrihópur Barnvæns sveitarfélags. Val á bæjarfulltrúa úr minnihluta í stýrihóp.**

Á 1387. fundi bæjarráðs þann 6. október sl. voru bæjarfulltrúar Valgerður Björk Pálsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir tilnefndar í stýrihóp Barnvæns sveitarfélags. Margrét Þórarinsdóttir hefur nú dregið sig út úr verkefninu. Eins og áður hefur komið fram gerir UNICEF á Íslandi kröfu um að í stýrihópnum séu a.m.k. tveir bæjarfulltrúar, einn úr minnihluta og einn úr meirihluta.

Óskað er eftir því við bæjarráð að vara bæjarfulltrúi Birgitta Rún Birgisdóttir D verði tilnefnd í stýrihópinn. Búið er að ræða við Birgittu og gefur hún kost á sér í stýrihópinn. Undirritaður sendi fyrirspurn á UNICEF þess efnis hvort vara bæjarfulltrúi mætti taka sæti í stýrihópnum. Sjá svar UNICEF hér fyrir neðan:

„Við sjáum því ekkert til fyrirstöðu svo lengi sem það er alveg tryggt að allar upplýsingar komist til aðalmanna og þar eigi sér stað reglulegt samtal. Það er auðvitað lykilatriði að fá fólk sem hefur áhuga og/eða ástríðu fyrir málefninu og er tilbúið að sinna því að tala fyrir því og ef að einhver varafulltrúi hefur þetta er það alltaf betra en bæjarfulltrúi sem hefur minni áhuga og/eða tíma.“

Hjörtur Magni Sigurðsson  
Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags